




Fjölbrautaskóli Snæfellinga Leiðandi til framtíðar?

Skilaboð samráðsfunda í nóvember 2007



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Samráðsfundir	1
2	Eftirminnilegar stundir	2
3	Opinn fundur	3
3.1	Við erum stolt af FSN vegna þess að... ..	3
3.2	Árangur til framtíðar	3
3.3	Á næstu árum.....	4
3.3.1	Hvers þarf að gæta?.....	4
3.3.2	Hverju þarf að breyta?.....	5
4	Fundur með nemendum	6
4.1	Við erum stolt af FSN vegna þess að... ..	6
4.2	Árangur til framtíðar	6
4.3	Á næstu árum.....	7
4.3.1	Hvers þarf að gæta?.....	7
4.3.2	Hvað þarf að bæta?	7

5	Fundur starfsfólks og skólanefndar.....	8
5.1	Áskoranir	8
5.2	Þróunarstarf og aðstaða	8
5.3	Tengsl við samfélagið	9
5.4	Aukið námsframboð	9
5.5	Kynning / markaðssetning	9
5.6	Ný braut.....	9
6	Samhljómur og sjálfsmynd.....	10
6.1	Samhljómur	10
6.2	Sjálfsmynd.....	10
7	Næstu skref.....	11
7.1	Tengsl við samfélagið	11
7.2	Stefnumótun.....	11
7.3	Forgangsröðun verkefna	11
8	Einkunnarorð.....	12

1 Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa haustið 2004. Skólinn hefur allt frá upphafi markað sér sérstöðu meðal framhaldsskóla á landsvísi og verið leiðandi í nýjum kennsluháttum. Í ágúst 2007 var birt úttekt á starfsemi skólans á þessum fyrstu þremur starfsárum hans. Úttekin var gerð af hálfu menntamálaráðuneytis og var í höndum Ásrúnar Matthíasdóttur og Trausta Þorsteinssonar.

Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar hefur almennt tekist vel til í skólastarfinu, en bent er á nokkur atriði þar sem úrbóta er þörf.

Stjórnendur Fjölbrautaskóla Snæfellinga ákváðu, í framhaldi af úttektinni að efna til víðtækrar samræðu um skólann og nýta afrakstur hennar til að marka stefnu um hvernig skólinn verður áfram í fararbroddi til framtíðar.

Alta hafði umsjón með samráðsfundum og hefur hér tekið saman skilaboð frá fundunum. Myndir af nemendafundi eru frá FSN en allar aðrar myndir eru frá Alta.

Alta þakkar FSN fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf og óskar skólanum góðs gengis við að vinna frekar úr fundunum, sem allir einkenndust af ánægju, áhuga og krafti.

1.1 Samráðsfundir

Haldnir voru þrír samráðsfundir. Á öllum fundunum var notað fyrirkomulag sem kallast Heimskaffi. Þátttakendur sitja 4 – 5 saman við borð og ræða ákveðnar spurningar. Umræður fara fram í þremur umferðum og skipta þátttakendur um borð í annarri umferð. Í lok umræðunnar, þegar allir eru komnir aftur á sitt heimaboð, taka borðin saman meginskilaboð hópsins. Allan tímann skrifa þátttakendur niður á stórt blað á borðinu. Þannig vinna þeir sameiginlega úr hugmyndum sínum á „borðdúknum“.

Fyrsti fundurinn var öllum opin og auglýstur í bæjarblöðum á Snæfellsnesi. Auk þess voru send bréf til foreldra, fulltrúa í

sveitarstjórnnum og nokkurra félagasamtaka og starfsfólk, nemendur og skólanefndarfulltrúar hvött til að mæta.

Fundurinn var haldinn þriðjudagskvöldið 20. nóvember og var vel sóttur. Um sextíu manns tóku virkan þátt í umræðum um framtíðarþróun skólans og var nokkuð jöfn þátttaka úr öllum þéttbýlissveitarfélögum á norðanverðu Snæfellsnesi. Fundinn sátu foreldrar, starfsfólk, skólanefndarfulltrúar og fólk í sveitarstjórnnum, ásamt nokkrum nemendum og öðrum áhugasömum íbúum.

Fimmtudagsmorguninn 22. nóvember var haldinn fundur með nemendum skólans. Gríðarlega vel var mætt, um 120 nemendur byrjuðu daginn á lifandi umræðum um skólann sinn.

Á báðum þessum fundum var spurt sömu spurninga og var ein spurning fyrir hverja umferð umræðunnar:

1. *Rifjaðu upp stund eða atburð þegar þú upplifðir hápunkt í starfi Fjölbrautaskólans, þegar þú fannst fyrir gleði og stolti yfir skólanum.*
2. *Hugsið tíu ár fram í tímann og gefið ykkur að FSN sé góður skóli, sem nemendur, foreldrar og samfélagið allt er ánægt með. Hver er galdurinn til að þetta verði að veruleika?*
3. *Á allra næstu árum, hvers þurfum við að gæta og hverju þurfum við að breyta?*

Þriðji og síðasti fundurinn var með starfsfólki og skólanefnd og var haldinn þriðjudaginn 27. nóvember. Í upphafi fundar kynnti Alta skilaboð fyrri fundanna tveggja og í framhaldi af því ræddu þátttakendur eina spurningu í þrjár umferðir:

Hvaða áskorunum stöndum við frammi fyrir og hvernig gætum við mætt þeim?

Í lok umræðunnar á þeim fundi voru þátttakendur beðnir um taka saman svör sín um áskoranir og leiðir til að mæta þeim

og síðan í framhaldi af því að segja til um hver ættu að vera næstu skref.

Í næstu köflum er greint frá upprifjun á eftirminnielgum stundum, síðan er hverjum fundi fyrir sig gerð skil og loks hugmyndum að einkunnarorðum.

Hafa ber í huga að þetta eru þeir punktar sem komu fram, sem þýðir ekki endilega að allir hafi verið sammála um öll atriði.

Augljóslega má þó greina ákveðinn samhljóm í því í hvaða átt fólk vill að Fjölbrautaskóli Snæfellinga stefni.



„Hvernig verður skólinn eftir 10 ár? Hvað þurfum við að gera til að halda áfram að vera framsækinn skóli sem veitir nemendum góða menntun?“

Við þurfum að velta fyrir okkur þessum spurningum og mörgum fleiri varðandi stefnumótun skólans til framtíðar.“

2 Eftirminnilegar stundir

Áður en lengra er haldið verður hér fjallað stuttlega um það sem þátttakendur á opna fundinum annars vegar og á nemendafundinum hinsvegar, tilgreindu sem eftirminnilegar stundir. Víða er haft orðrétt eftir þátttakendum, án þess að merkja það sérstaklega.

Viðburðir í sögu skólans: Stofnun skólans, innritun nemenda, fyrsta skólasetning, fjöldi nemenda fór framúr væntingum, fyrsta útskriftin og allar útskriftir eftir það, vígsla útibús á Patreksfirði og loks úttekt menntamálaráðuneytisins haustið 2007.

Leiðandi: Rudd braut, aðrir horfa til FSN og skólinn er orðinn fyrirmynd og dæmi um möguleika. Val á FSN til að leiða Vestfjarðadeild. Umræða í fjölmiðlum – forvitni um nýjungarnar, heimsóknir gesta, UT ráðstefnan og jákvæð umfjöllun fundargesta. Þegar ég heyrði að skólinn sem verið er að stofna í Borgarfirði á að notast við sama módel í kennsluháttum.

Aðstaða: Innra útlit skólans, þegar ég skoðaði hann í fyrsta skipti.

Þróunarstarf: Var mjög jákvætt þegar starfsdeild varð til. Vélstjórnarnámið. Þegar skólinn sýndi þá framsýni að kalla grunnskólana til fundar um áherslur skólans og gefa upp boltann um samstarf.

Innra starf: Starfsumhverfið er hvetjandi og skilar árangri. Tekist hefur að gera alla kennara virka í notkun kennsluumsjónarkerfis – þ.e. góða í upplýsingatækni. Guðbjörg er góður gestgjafi og skólameistari.

Nemendur: Niðurstöður kannana FSN; ánægja nemenda. Að sjá nemendur vinna glöð og ánægð, afslöppuð, gott andrúmsloft. Nemendur „fatta“ skólann og nýta hann til fullnustu og leita mörg hver eftir aðstoð eftir útskrift. Rómarferð – hegðun nemenda til mikillar fyrirmyndar. Útskrifaðir nemendur koma sterkir út og óhefðbundið starf

fellur í kramið hjá nemendum. Eldri nemendur koma aftur í skóla, klára stúdentpróf.

Andi: Jákvætt andrúmsloft. Mjög jákvæður „skólakúltur“.

Félagslíf: Árangur nemendafélagsins, böll og árshátíðir, t.d. fyrsta ballið okkar í þessum skóla, árshátíð skólans í fyrra, busaball, jólaball 1. des. '06 og Halloween ball '07.

Ferðalög, t.d. lífsleikniferðin, utanlandsferðir nemenda á vegum skólans – hafa alltaf verið til mikillar fyrirmyndar, komandi útskriftarferð fyrsta útskriftarhópsins.

Ýmislegt annað tengt félagslífi og skólastarfi, t.d. útivistardagurinn, kaffihúsakvöld, þemadagar 2006, gleðin þegar busuninni var lokið

Samstarf framhaldsskólanna og sigrar: Þátttaka í Söngvakeppni framhaldsskólanna og Morfís. Þegar forseti nemendafélagsins fór „Í bítið“. Framhaldsskólamót í fótbolta! Stelpuliðið! Þegar skólinn tók þátt í Paintball móti og þeir hópar sem komust áfram stóðu sig nokkuð vel.



Persónulegt:

Sjónarmið foreldra:

- Hafa kost á að hafa unglinginn heima lengur.
- Börnin mín voru komin heim kl. 16 að afloknum vinnudegi í skólanum.
- Þegar nemendur FSN fóru að koma í heimsókn.
- Útskrift barna minna úr FSN.

Sjónarmið nemenda:

- Ég þurfti ekki að fara að heiman.
- Þegar ég var valinn íþróttamaður skólans.
- Þegar ég fékk fyrstu stundaskrána.
- Þegar ég náði öllu í fyrsta sinn.



3 Opinn fundur

3.1 Við erum stolt af FSN vegna þess að...

Rifjaðu upp stund eða atburð þegar þú upplifðir hápunkt í starfi Fjölbrotaskólans, þegar þú fannst fyrir gleði og stolti yfir skólanum.

Samkvæmt samantekt umræðuhópa vegur framsækni og metnaður skólans þýngst í því hvers vegna Snæfellingar eru stoltir af skólanum. Skólinn hafi verið í fararbroddi sem framsækin nútímaskóli, sem birtist m.a. í nýjum kennsluháttum og upplýsingatækni. Það hafi síðan gert það að verkum að nemendur eru ánægðir með hann og vilja sækja framhaldsskóla í heimabyggð. Kerfið í skólanum komi til móts við nemendur og jafnvel þannig að þau hafi sum hver náð árangri umfram væntingar sínar og annarra. Nemendur komi glöð frá vinnu.

Áhrif skólans á byggðapróun eru að mati fundarmanna mjög jákvæð. Það komi fram með tvennum hætti. Annar vegar hafi skólinn sameinað ungt fólk á Snæfellsnesi og útrýmt „hrepparig“ og hins vegar skipti það sköpum fyrir íbúðapróun að þessi aldurs hópur er lengur heima.

Sú víðtæka samstaða sem ríkir um starf skólans, er líka tilefni til stolts heimamanna.

Þátttakendur nefndu sérstaklega ánægju með góðan anda í skólanum, sem hafi haft jákvæð áhrif á samfélögin á Snæfellsnesi.

Þá kom fram að vel hafi tekist til í innra starfi skólans og að skólinn hafi sannað tilvist sína sem góður framhaldsskóli með metnað og framsýni að leiðarljósi.

3.2 Árangur til framtíðar

Hugsið tíu ár fram í tímann og gefið ykkur að FSN sé góður skóli, sem nemendur, foreldrar og samfélagið allt er ánægt með. Hver er galdurinn til að þetta verði að veruleika?

Þegar þessi spurning var rædd, kom framsæknin enn og aftur lang sterkast upp meðal fundarmanna. Bent var á að samstaða um skólastarfið og almenn framsækni í samfélaginu skipti líka miklu máli. Þá lögðu margir hópanna áherslu á tengsl við atvinnulífið. Bent var á að efla samvinnu við grunnskóla á svæðinu, sérstaklega varðandi kennsluaðferðir og að kennarar þurfi að hafa svigrúm til þróunar og samstarfs. Umfram allt þurfi skólinn að halda sérstöðu sinni.

Sem dæmi um punkta úr samantektum má nefna:

- Nemendur og kennarar eigi það sameiginlegt í leik og starfi að stefna HÆRRA OG LENGRA.
- Að sofna ekki á verðinum!!!
- Að skólinn byggji áfram á því frumkvöðlastarfi og framsýni sem hann er byggður á og þeirri samvinnu samfélaganna sem að honum standa.
- Skólinn og samfélagið: Framsækni og metnaður og samstaða í samfélaginu og sátt um skólastarfið.
- Ekki gleyma markmiðinu - vera leiðandi. Það tekst með stöðugri endurskoðun á starfi, virkri mannauðsstefnu og láta upplýsingatæknina styðja við kennsluaðferðir.



„Skólinn hefur sannað tilvist sína sem góður framhaldsskóli með metnað og framsýni að leiðarljósi.“

„Fyllist stolti þegar ég kynni skólann fyrir öðrum, sem nemandi.“

„Einstakur skóli sem eflir samfélagið á Snæfellsnesi. Skólinn er fyrirmynd.“

„Auður fyrir samfélagið!“

Meðal sértækari atriða og leiða, sem þátttakendur bentu á, má nefna, að halda góðum og vel menntuðum kennurum og góðum stjórnendum. Starfsfólk þurfi að vera hæft, sjálfsgagnrýnið og opið fyrir nýjungum. Stöðugleiki í starfsmannahaldi og atvinnuöryggi skipti einnig máli.

Æskilegt væri að kennarar fái hluta af sinni kennsluskyldu sem tíma til þróunarstarfs enda leiðandi í vinnunni á landsvísu, eins og það var orðað.

Skólinn þurfi stöðugt að vera í sjálfsmati.

Liður í því að halda forystu, er að tækni, búnaður og aðstaða sé til fyrirmyndar og svari kröfum nútímans, að mati þátttakenda. Nýta þurfi nýjustu tækni í kennslu og huga betur að því að nýta aðstöðuna sem er á svæðinu.

Punktur um samvinnu voru fjölmargir og var þar m.a. nefnt að auka mætti samvinnu sveitarfélaga t.d. varðandi forvarnir og félagslíf. Samvinna og samræða við það samfélag sem skólinn starfar í rataði töluvert á blað og nefnt að skólinn þurfi að hlusta á raddir samfélagsins og jafnframt að upplýsa samfélagið um starfið. Einnig mætti auka samstarf á milli skóla – og reyndar líka samkeppni.

Fram kom hugmynd um að skoða samstarf við háskóla, þannig að framúrskarandi nemendur gætu tekið áfanga í háskóla með námi við FSN.

Almennt var kallað eftir áframhaldandi samstarfi, samráði og samvinnu allra aðila sem koma að skólanum – bæði nemenda, starfsfólks og samfélaganna. Fram kom að fundur eins og þessi væri einmitt jákvæð leið til þess.

Mikilvægt sé að hlusta á nemendur og hafa þá ánægða.

Ef tekst að koma á víðtæku samstarfi um skólastarfið til framtíðar, verður árangurinn eftir því. Það er mat þátttakenda að ef starfsfólk, nemendur, atvinnulíf og samfélagið allt hlúa vel að skólanum, muni hann skila nemendum sem eftir er tekið. Þannig fari best á því að láta verkin tala.

3.3 Á næstu árum...

Á allra næstu árum, hvers þurfum við að gæta og hverju þurfum við að breyta?

3.3.1 Hvers þarf að gæta?

Að mati þátttakenda er mikilvægast að gæta alls þess sem gerir skólann framsækinn og skapar honum sérstöðu. Þannig verði hann eftirsóknarverður fyrir nemendur sem sé sterkasti mælikvarðinn á gildi hans.

Varðandi framsækni var sérstaklega nefnt að skólinn þurfi að vera opin fyrir nýjungum og óhræddur við að leggja áherslu á að sækja það sem er nýjast í þróun framhaldsskóla, bæði innanlands og utan. Miklu skipti að halda ferskleikanum í tækni, aðferðum og kennsluháttum, staðna ekki og sofna ekki á verðinum.

Þróunarstarf þurfi að eiga mikilvægan sess í skólastarfi og æskilegt er að mati þátttakenda að þar taki nemendur virkan þátt.

Einnig kom fram að endurmenntun sé mikilvægur liður í því að halda forystu og vera í takt við tíma og tækni. Þannig fái kennarar tækifæri til að þróa færni sína í starfi. Viðhalda þurfi eldmóð starfsfólksins.

Þá var nefnt að skólinn mætti gjarnan tengjast grunnskólum á svæðinu betur.

Sjá þurfi til þess að skólinn sé samkeppnishæfur út á við og að hann verði „fremstur meðal jafningja“.

Varðandi starfsumhverfi nemenda kom fram að það kerfi sem viðhaft er í náminu þurfi að virka fyrir alla nemendur og efla alla einstaklinga sem að skólanum koma. Nefnt var að verkefnatímar ættu að vera innan stundaskrár, þannig að skólinn verði vinnustaður nemenda og að heimanámi sé lokið þegar þeir fari heim.

Nefnt var að upplýsingatækni styður við kennsluaðferðir og að leggja ætti áherslu á að hafa áfram opið rými.



„Vera alltaf á tánum. Sækja góða hluti.“



„Nemendur og kennarar eigi það sameiginlegt í leik og starfi að stefna HÆRRA og LENGRA.“

Bent var á að efla þurfi félagslíf nemenda, enda eftirsóknarvert að vera í skóla sem er skemmtilegur. Einnig að efla þurfi félagslíf fyrir þennan aldurshóp á hverjum stað fyrir sig. Minnst var á almenningssamgöngur í þessu sambandi. Einnig kom fram að nemendafélagið þurfi að halda áfram að vaxa og að vægi þess skipti miklu máli þegar kemur að vali á skóla.

Hinn jákvæði andi sem ríkir í skólanum er eitt af því sem þarf að gæta, samkvæmt skilaboðum fundarins. Þá sé mikilvægt að mannauður tapist ekki úr sveitarfélögum, bæði nemendur og kennarar. Sérstaklega var minnst á þau verðmæti sem felast í reynslumiklum kennurum.

Bent var á að gjarnan megi kynna enn betur hið góða starf FSN. Þar mætti sérstaklega huga að foreldrum og kennurum grunnskólanema og félagasamtökum. Mælt var með öflugum, beinum aðgerðum varðandi kynningu á starfi skólans.

Fram komu hugmyndir um stofnun hollvinasamtaka sem gætu m.a. verið vettvangur fyrir stuðning öflugra aðila úr atvinnulífinu – ekki aðeins fjárhagslegan, heldur líka móralskan.

Loks var það ofarlega í hugum þátttakenda að viðhalda þurfi stuðningi samfélagsins á Snæfellsnesi og samstöðu sveitarfélaganna um að halda áfram að efla skólann. Með því séu þau að byggja upp atvinnu á svæðinu. Einhverjir vildu sjá skrefið stigið til fulls með sameiningu sveitarfélaga á svæði FSN.

Umfram allt þurfi að stefna að því að nemendum líði áfram vel í skólanum og skili þar af leiðandi áfram góðum árangri.

3.3.2 Hverju þarf að breyta?

Aukin tengsl við atvinnulífið, er það sem var mest afgerandi í svörum þátttakenda við spurningunni um hverju þurfi að breyta. Atvinnulífið þurfi að vita af skólanum og öfugt. Til dæmis geti það auðgað skólastarfið að einstaklingar úr atvinnulífinu miðli af reynslu sinni og að komið verði á fót raunhæfum samstarfsverkefnum skólans og atvinnulífs á svæðinu.

Í umræðu um aukið námsframboð, var kallað sérstaklega eftir verknámi og bent á að þar sé tilvalinn samstarfsvettvangur skóla og atvinnulífs. Hugsanlega mætti þróa skemmra iðnnám og rætt um fjarnám auk hugmyndar um að bjóða nemendum námskeið á sumrin.

Fram kom að námsframboð á hverjum tíma þurfi að endurspegla þarfir samfélagsins.

Bent var á að bæta þurfi aðstöðu nemenda til náms, á bókasafni og að kenna tungumál í lokuðu rými.

Til að gefa þróunarstarfi vægi, þurfi tíma og fjármagn til að auka svigrúm starfsfólks til þekkingarleitar og viðhalda eldmóði. Auka þurfi hlut þróunarstarfs í vinnutímanum og einnig þurfi aðalnámskrá framhaldsskóla að veita frelsi til þróunar og breytinga. Æskilegt væri að gestakennarar hefðu meiri viðveru og væru aðgengilegri.

Minnst var á að skólinn þurfi að vera í stöðugri sjálfsskoðun.


Einnig var nefnt að gera mætti nemendum utan Snæfellsness kleift að stunda nám við skólann og e.t.v. nýta skólann betur á kvöldin og um helgar.

Samgöngur bar aðeins á góma og bent á að gæta þurfi að lýsingu og söltun.

Loks var það ýmsum ofarlega í huga að skapa þurfi öflugra félagslíf fyrir nemendur á stöðunum og auka samstarf og stuðning samfélagsins á Snæfellsnesi.



„Að fara ekki niður á hælana.“



„Vissan um góðan skóla eflir samstöðu og eflir byggðir.“

4 Fundur með nemendum

4.1 Við erum stolt af FSN vegna þess að...

Rifjaðu upp stund eða atburð þegar þú upplifðir hápunkt í starfi Fjölbautaskólans, þegar þú fannst fyrir gleði og stolti yfir skólanum.

Félagsskapurinn og félagslífið vegur þyngst í því hvers vegna nemendur eru stoltir af skólanum sínum. Hópurinn sé skemmtilegur og samheldinn og almennt séu allir nemendur skólans góðir.

Félagslífið fær ágæta umsögn, það sé fjölbreytt og skemmtilegt miðað við stærð skólans, fjölda nemenda og aldur nemendafélags.

Fram kom ánægja með framtakssemi nemenda og stuðning starfsfólks við þessa framtakssemi. Þar var t.d. minnst á ýmsar utanlandsferðir sem staðir hefur verið fyrir.

Sérstaklega var minnst á þann góða anda sem ríkir í skólanum, þar séu allir jafnir og ekkert einelti. Fólk geti farið sínar eigin leiðir og skorið sig úr, án þess að vera tekið fyrir. Einnig var minnst á traust, „*maður getur treyst öllum*“.

Nemendur eru stoltir af sérstöðu skólans. Hann sé einstakur og enginn annar skóli eins og hann á landinu.

Þá sé skólinn framsækin, nútímalegur og nýjungagjarn. Hann sé opin og þægilegur, sem nemendur virðast kunna vel að meta.

Það sé jákvætt að skólinn tekur þátt í viðburðum í félagslífi framhaldsskóla á landsvísi.

Fram kom ánægja með starfsfólk, kennara, mötuneytið og aðstöðu í skólanum. Hins vegar eru greinilega skiptar skoðanir um gula litinn!

Margir eru stoltir af því skipulagi sem skólinn starfar eftir og nefna að það er ekki bekkjarkerfi og að kennsluaðferðir eru frjálssar.

„Þetta er skóli Snæfellinga...“, segja nemendur ...og hann er sameiningartákn sveitarfélaganna á nesinu.“

4.2 Árangur til framtíðar

Hugsið tíu ár fram í tímann og gefið ykkur að FSN sé góður skóli, sem nemendur, foreldrar og samfélagið allt er ánæggt með. Hver er galdurinn til að þetta verði að veruleika?

Mestu skiptir að skólinn haldi áfram að vera framsækin og nýjungagjarn til framtíðar, að mati nemenda. Hann þurfi að sækja nýjungarnar og gæta þess að staðna ekki. Mikilvægt sé að þróunin sem hefur verið á undanförunum árum viðhaldist svo skólinn haldi áfram að blómstra.

Auka þurfi fjölbreytni í námsframboði, koma á nýjum brautum og verknám var nefnt sérstaklega í því sambandi.

Gott félagslíf skiptir miklu máli, segja nemendur. Að mati margra er félagslífið nú þegar gott og því þurfi að viðhalda, aðrir segja að það þurfi að efla. Í því sambandi var nefnt að efla þurfi styrki til nemendaráðs. Fram komu hugmyndir um böll á föstudögum og stofnun leikfélags við skólann.

Galdurinn til framtíðar sé „*Góður hópur*“.

Ýmsar ábendingar komu frá nemendum um aðstöðu og þjónustu í skólanum. Húsnæðið þyrfti að vera stærra og meira af lokuðum rýmum

Bæta þurfi íþróttaaðstöðu og sturtur og það megi gjarnan vera mýkri sófar. Koma þurfi nýtt bókasafn við skólann og byggja við matsalinn svo fleiri komist að.

Margir áttu sér draum um rútu tvisvar á dag og að rútugjald verði afnumið.

Tengsl við atvinnulífið á nesinu var meðal þess sem nemendur nefndu sérstaklega, bæði almennt og í tengslum við verknám. Einnig að auka þurfi atvinnuframboð.

Stærð skólans var nokkuð til umræðu. Fram komu skilaboð um að fjölga mætti nemendum t.d. með heimavist, en einnig komu fram óskir um að halda skólanum persónulegum.

Þróun skólans mun meðal annars ráðast af íbúabróun á Snæfellsnesi og var nefnt að sporna þurfi við fólksflutningum og að mikilvægt sé að krakkar vilji vera í heimabyggð.

Hinn góði andi sem ríkir í skólanum er hluti af galdrinum til framtíðar, að mati nemenda. Rækta þurfi samvinnu, einbeitingu og jákvæðni.



„Félagsskapurinn gæti ekki verið betri!!!“

4.3 Á næstu árum...

Á allra næstu árum, hvers þurfum við að gæta og hverju þurfum við að breyta?

4.3.1 Hvers þarf að gæta?

Mikilvægast, að mati nemenda er að halda í allt það góða sem nú einkennir skólann. Að vera áfram fordómalaus gagnvart hverju öðru og að halda traustinu innan skólans ☺.

Gæta þurfi að samheldninni og að mórallinn í skólanum verði áfram jákvæður og nemendur og kennarar beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Félagslífið þurfi að vera gott og það opna kerfi sem nú er í skólanum haldist, en að ekki verði farið út í bekkjakerfi.

Tryggja þurfi að kennarar séu hæfir og vel lærðir. Manna þurfi allar kennarastöður og gæta skólameistarans. Gæta þurfi að kennsluháttum. Námið þurfi að vera fjölbreytt og kennslan að haldast persónuleg. Ekki megi hafa of mikla fjarkennnslu. Auka þurfi fjölbreytni í íþróttakennslu.

Þá var minnst á mötuneytið og matsalinn, forvarnir og fíkniefnafræðslu og að halda tengslum við aðra skóla.

Framsækni FSN þarf að haldast, að mati nemenda. Skólinn haldi áfram á sömu braut og gleymi ekki markmiðum sínum, heldur haldi stöðugt áfram að bæta sig. Hann haldi áfram að vera nýjungagjarn og fylgjast með þróun í upplýsingatækni svo hann verði ekki eftir á.

„Halda áfram að funda með nemendum.“

„Halda áfram að vera nútímaleg.“

„Ég ætla að verða kennari í skólanum eftir 10 ár.“

*„Líta jákvæðum augum á skólann og vilja vera í heimabyggð
© FSN.“*

4.3.2 Hvað þarf að bæta?

Efst á blaði yfir það sem nemendur telja að þurfi að bæta, er ýmislegt í aðstöðu skólans. Hann megi gjarnan stækka, kennslustofur og/eða lokað rými þurfi að vera fleiri og matsalurinn stærri. Kallað er eftir íþróttaaðstöðu og meira rými til að læra.

Þá vildu nemendur gjarnan hafa stað sem hægt er að hanga milli tíma, slappa af og vera í rólegheitunum. Óskað var eftir að fá stóla og borð í Sígóskýlið. Einnig rataði bókasafn og meiri hiti í húsnæðinu á blöð nemenda yfir það sem þarf að bæta.

Félagslífið mætti bæta og fjölga böllum. Einhverjir vildu að áfengi verði leyft á böllum. Fram komu óskir um „Litlu jólin (eins og var í grunnskóla) og jólatré. Einnig að meiri áhersla yrði lögð á þátttökuna í „Gettu betur“ og almennt að halda virku samstarfi við aðra skóla. Félagslífið þarf að eflast með árunum, að mati nemenda.

Einnig komu fram óskir um að breyta rútufurðum, þannig að væri rúta í hádeginu fyrir þá sem eru búnir snemma og helst að rútugjöld væru felld niður.

Varðandi kennslu og skipulag var nefnt að auka ætti mætingaskyldu og mætti fjölga kennslustundum. Auka þyrfti námsval og viðruð var ósk um fleiri skrifleg próf.

Kallað var eftir betur menntuðum starfsmönnum og meiri þátttöku kennara. Einhverjir vildu fleiri íslenskukennara og ekki hafa neina kennara í B. Fram komu óskir um að minnka gestakennslu og hætta að láta nemendur borga gjald í bóklausum fögum.

Einnig vildu ýmsir að hægt verði að stunda íþróttirnar í heimabyggð. Þá var nefnt að efla mætti umhverfi Grundarfjarðar og fram kom draumur um sundlaug á staðnum.

Skiptar skoðanir voru um netaðgang, allt frá því að vilja „opna fyrir download svo að það sé hægt að spila á netinu“, til þess að banna MSN, Counter-Strike og MySpace.

„Þráðlaust net útum allt“, var meðal þess sem talið var að mætti bæta.

Hafa mætti tónlist eða sjónvarp í matsalnum.

Ekki komu margar ábendingar um að bæta þurfi andann í skólanum, utan að einhverjir vildu meiri aga, aðrir meira drama og meira slúður og loks vildu einhverjir draga úr því hvað krakkarnir skiptast í hópa eftir því hvaðan þau koma.



„Hann er sérstakur ☺ Öðruvísi en hinir.“



„Halda chillinu og félagslífinu.“

5 Fundur starfsfólks og skólanefndar

Hvaða áskorunum stöndum við frammi fyrir og hvernig gætum við mætt þeim?

5.1 Áskoranir

Þegar spurt var um þær áskoranir sem Fjölbreyttaskóli Snæfellinga stendur frammi fyrir, snerust svörin að mestu um það hvernig hægt sé að þróa skólann áfram, t.d. námsframboð, kennslutækni og nemendafjölda, án þess að missa sérstöðu og séreinkenni eins og opið kennslurými, kennsluaðferðir, námsmat og góðan starfsanda og jákvæðan og persónulegan anda.

Einnig komu upp vangaveltur um hvernig skólinn geti stækkað sem skóli, sem heldur stöðugt áfram að þróast.

Fram kom að fækkun íbúa á nesiinu hefur óhjákvæmilega áhrif á þróun skólans. Til að vega upp á móti því þurfi fjölbreyttari atvinnu á svæðinu og að hvetja ætti sveitarfélögin til að efla aðstöðu til tómtunda fyrir fjölskyldufólk. Markaðssetja þurfi sveitarfélögin og svæðið. Ef á hinn bóginn yrði mikil aðsókn nemenda veltu þátttakendur því fyrir sér hvort gæti þá þurft aukið pláss, fleiri kennara og e.t.v. heimavist.

Bent var á að námskrá þurfi að vera í takt við kennsluaðferðir.

Rætt var um hversu lengi FSN muni halda þróunarskóla sérstöðunni og að það verði áskorun með nýja framhaldsskólafrumvarpinu þegar aðrir skólar fari á fullt í nýjungum. Einnig að lenging á kennaramenntun gæti haft áhrif.

Skólinn þurfi sjálfur að eiga frumkvæðið í því að vera leiðandi, vera áfram á hreyfingu og sækja alla hluti og í því felist áskorun.

Varðandi starfsfólk voru tilgreindar nokkrar áskoranir, s.s. að laða að hæfa kennara og leggja rækt við góða

mannauðsstjórnun. Huga þurfi að símenntun kennara og jafnframt miðlun milli kennara innan skólans, þannig að þeir deili nýjungum og reynslu.

Það er áskorun að halda og efla góð samskipti við samfélagið, fólkið, grunnskóla og fyrirtæki. Sækja þurfi til velvildarmanna því fjármagn komi ekki af sjálfu sér.

Æskilegt væri, að mati þátttakenda að halda áfram að draga úr hrepparíg innan skólans, sem mætti gera með fleiri verkefnum sambærilegum SN/Æ sem tengja nemendur saman óháð búsetu.

Í því felst áskorun að veita góða og metnaðarfulla menntun og að nemendur FSN standi sig vel síðar í námi og starfi.

Loks var nefnt að það geti verið nokkur áskorun fyrir skólann að ofmetnast ekki við endalaust hrós!

5.2 Þróunarstarf og aðstaða

Mikilvægast er að mati þátttakenda, að kennarar hafi tíma og svigrúm til þróunar og samstarfs og æskilegt að sá tími verði hluti af dagvinnu.

Tryggja þurfi virka þróun mannauðs með endurmenntun kennara á fjölbreyttan hátt.

Þannig leiði þróun kennara til þróunar skólans.

Bæta þurfi aðstöðu nemenda þannig að þeirra vinna verði skilvirkari og vinnudagurinn heildstæðari. Þannig verði allir glaðir. Lesstofu vanti (bókasafn), "Chill stofu" (núna í B) og aðstöðu fyrir hópa.

Tæknin megi ekki vera aðalatriði, heldur verkfæri til náms og kennslu. Námsaðferðir og tæknin styðji við hvort annað en ekki virki öll tæknin með þessari aðferð. Þetta sé nokkuð sem þurfi stöðugt að meta á gagnrýnninn hátt, t.d. með tilliti til greina. Hvað virkar og hvað má betur fara?

Kennsluaðferðir þurfi að vera fjölbreyttar og var í því sambandi m.a. komið inn á samkennslu. Nefndur var sá

möguleiki að setja plaköt í skjásýningar og hætta að klippa og líma.

Þá kom fram að tryggja þurfi aukið fjármagn til að standa undir markmiðum skólans þ.e. þróun og leiðandi kennsluháttum.



„Stærsta áskorunin er að halda sérstöðunni.“

5.3 Tengsl við samfélagið

Fram komu skýr skilaboð um að auka þurfi tengsl og samstarf við samfélagið og atvinnulífið.

Almennt þurfi að nýta þau tækifæri sem felast í því að virkja það samfélag sem er bakland og starfssvæði skólans.

5.4 Aukið námsframboð

Sem leiðir til að auka námsframboð, nefndu fundarmenn aukið dreifnám og fjarnám, listnám og aukið framboð fullorðinsfræðslu með kvöldskóla. Koma mætti á samvinnu við aðra skóla um verknám. Rætt var um mögulegt iðnnám og/eða iðnmenntun í tengslum við atvinnulíf. Áhugi var á að efla starfið á Patreksfirði.

Bent var á að með því að fjölga kennurum, án þess að nemendum á svæðinu fjölgi, sé hægt að auka námsframboð. Það kæmi öllum til góða, líka Snæfellsnesi sem heild.

Einnig var nefnt að koma á samvinnu við háskóla t.d. Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólaset Snæfellsness.

5.5 Kynning / markaðssetning

Miðað við íbúafjölda og aldurssamsetningu á Snæfellsnesi munu verða færri nýnemar á næstu árum og var þetta meðal þess sem þátttakendur veltu fyrir sér.

Leita þyrfti leiða til að fjölga íbúum, t.d. með því að markaðssetja sveitarfélögin og svæðið og „fá fólk til að flytja í bæinn okkar“.

Einnig þurfi markaðssetningu til að fá kennara á staðinn, t.d. að búa til spennandi auglýsingar eftir kennurum.

Kynna mætti skólann fyrr í grunnskólunum, að mati þátttakenda, e.t.v. byrja í 8. bekk. Meðal hugmynda sem fram komu var að nemendur FSN bjóði nemendum í 8 – 10 bekk í skólann. Nemandi gegn nemanda.

5.6 Ný braut

Þátttakendur á fundinum ræddu töluvert um þróun nýrrar námsbrautar. Reyndust hugmyndirnar nokkuð samhljóma um það hvers konar braut þetta ætti að vera.

Samkvæmt þeim ætti sérstaða brautarinnar að felast í því að nýta það sem Snæfellsnes hefur upp á að bjóða.

Þetta eru þær auðlindir sem nefndar voru:

- Breiðafjörður, einn sinnar tegundar í heiminum
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
- Eldfjallasafn, eitt sinnar tegundar í heimi
- Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi
- Háskólasetur Snæfellsness
- Eyrbýggja – Sögumiðstöð, hugmyndir um Sagnamiðstöð Íslands
- Arnarsetur á Barðaströnd

Ný braut ætti að mati þátttakenda að vera nátengd samfélagi og náttúru við Breiðafjörð, atvinnulífinu, umhverfi og staðbundinni þekkingu.

Brautin ætti að vera „samsuða“, þvert á margar greinar, s.s. jarðfræði, líffræði, umhverfisfræði, þjóðgarðsfræði, sjálfbærni og Green Globe, jöklafræði, saga, félagsfræði, leiðsögunám og ferðamálafræði.

Nefnt var að braut af þessu tagi, gefi nemendum fjölbreyttari atvinnutækifæri á svæðinu í ferðamennsku, umhverfismálum og rannsóknum.



„Að stækka sem skóli sem heldur stöðugt áfram að þróast.“



„Við höfum allt sem til þarf á nésinu.“

6 Samhljómur og sjálfsmynd

6.1 Samhljómur

Greina má ákveðinn samhljóm í skilaboðum fundanna þriggja.

- Skólinn hefur **sannað tilvist** sína og það ríkir **ánægja** með starf hans.
- Mikilvægt er að skólinn verði áfram **leiðandi** til framtíðar.
- Marka þarf stefnu um hvernig skólinn vill **stækka** og/eða **eflast**, með hliðsjón af nemendafjölda, námsframboði og ólíkum leiðum til miðlunar.
- Auka þarf **námsframboð**, með sérstaka áherslu á verknám.
- Skapa þarf kjöraðstæður fyrir **þróunarstarf** innan skólans; með tíma, samræðu og fjármagni. Nemendur séu virkir þátttakendur í þróunarstarfi.
- Skapa þarf **nemendum góðar aðstæður** til náms og leiks og gefa þeim kost á að vera virkir þátttakendur í mótun skólafarsins. Gott félagslíf innan skólans og í heimasveitarfélaginu, vegur mjög þungt í ánægju nemenda.
- Lögð verði sérstök áhersla á að auka **tengsl** skólans við það **samfélag** sem hann er sprottinn úr á Snæfellsnesi, þ.m.t. við atvinnulíf.
- Mótuð verði **ný þverfagleg námsbraut** þar sem byggt verði á umhverfi, stofnunum og þekkingu á Snæfellsnesi.
- Þess þarf að gæta að **kynna** vel það starf sem fram fer í FSN og markaðssetja skólann og búsetu á Snæfellsnesi.

- **Bakland** skólans þarf að vera gott. Það á sérstaklega við um þau sveitarfélög sem standa að skólanum, snæfellskt samfélag og hið opinbera.

6.2 Sjálfsmynd

Á öllum fundunum kom fram sterk áhersla á að tengja skólann við samfélag og umhverfi á Snæfellsnesi. Að skólinn eigi ekki að vera „eyland“, heldur eigi að rækta sterk tengsl út í samfélagið sem virki í báðar áttir.

Þetta leiðir hugann að „sjálfsmynd“ skólans. Hann er einn margra framhaldsskóla á landinu og hefur verið leiðandi sem sklíkur – enda enn sem komið er sá nýjasti.

Túlka má skilaboð fundanna á þann veg að sjálfsmynd FSN eigi ekki einungis að miðast við hann sem framhaldsskóla í flóru íslenskra framhaldsskóla, heldur ekki síður sem snæfellskan framhaldsskóla.

Í þessu kann að felast áhugavert tækifæri fyrir skólann.



„Galdurinn er hæft starfsfólk sem er sjálfsgagnrýnið og opið fyrir nýjungum.“



„Hlusta á nemendur, hafa þá ánægða.“

7 Næstu skref

Hér verður fjallað um næstu skref og er byggt á því sem fram kom á fundi með starfsfólki og skólanefnd annars vegar og á skilafundi með skólanefnd hins vegar. Tekið skal fram að á þeim fundi voru þó ekki teknar endanlegar ákvarðanir og því kunna þær tillögur sem hér fara á eftir að breytast og þróast í meðförum skólanefndar og stjórnenda skólans.

Í lok fundarins með starfsfólki töldu þátttakendur að næstu skref ættu að vera:

- Þróa dreifnáms- og fjarnámsframboð.
- Þróa nýja námsbraut – sbr. kafla 5.6 hér á undan.
- Útfæra leiðir fyrir FSN til þess að tengja námið við samfélagið og náttúruna (við Breiðafjörð).
- Auka tengslin við samfélagið og atvinnulífið.
- Tala við velvildarmenn.
- Efla samstarf við atvinnulíf og háskóla.
- Bæta aðstöðu nemenda.
- Auka samvinnu nemenda, sbr. áfangana SNÆ og TÓS.
- Kennarar fái aukinn tíma til þess að tala saman.

Á fundi skólanefndar voru eftirtalin atriði til umræðu, varðandi eftirfylgni og leiðir:

7.1 Tengsl við samfélagið

Mikil áhersla kom fram á fundunum, á aukna tengingu við samfélagið. Við undirbúning að stofnun skólans var unnið með ýmsum „hagsmunaaðilum“ og fundirnir nú eru liður í

samræðu skólans við samfélagið. Það er því mikilvægt að það fólk sem mætti á fundina, fái að vita hvað var gert með skilaboðin og hvaða stefnu skólinn mun móta.

- Því verði komið á framfæri við þátttakendur, hvernig skilaboð fundanna hafa verið nýtt og/eða hvernig verður unnið úr þeim áfram. Þetta verði gert sem fyrst eftir áramót.
 - Þessi skýrsla fari á vef skólans. Það mætti hugsanlega láta vita um það sérstaklega að hún sé orðin aðgengileg, t.d. með auglýsingum í bæjarblöðum, og/eða á vefsíðum skólans og sveitarfélaganna.
 - Þegar skólanefnd hefur tekið ákvarðanir um næstu skref, verði það kynnt, t.d. með því að senda bréf á þá sem boðið var bréflaga á opna fundinn.
 - Sérstaklega verði hugað að slíkum kynningum á viðbrögðum skólanefndar, fyrir nemendur.
 - Benda má á að gott er að byrja á að bregðast við því sem þátttakendur töldu að mætti bæta.
- Liður í eftirfylgninni verði að skilgreina hvernig skólinn vill auka tengsl við samfélagið, til lengri tíma.
 - Gerð verði hagsmunaaðilagreining, þar sem verði kortlagt hvaða hópar það eru sem skólinn vill rækta tengsl við og hver þurfa að vera markmiðin með tengslum við hvern og einn hóp og/eða um hvað tengslin eiga að snúast.

- Í framhaldi af því verði skilgreint hvernig samskiptum verði háttað. Oft getur verið gagnlegt að móta samstarfið með þessum væntanlegu „samstarfsaðilum“. Þannig er líklegra að farnar verði leiðir sem virka fyrir báða aðila.

- Fram kom hugmynd um að á vorönn vinni nemendur ýmis verkefni tengd samfélagi og umhverfi á Snæfellsnesi og að afrakstur þeirrar vinnu verði kynntur á Opnum degi, síðla vorannar.

7.2 Stefnumótun

Markmiðið með fundunum var að hluta til að nýta skilaboðin vegna stefnumótunar fyrir skólann. Sú vinna mun eiga sér stað innan skólans og skólanefndar í framhaldinu og að líkindum verða sýnilegt í:

- Framtíðarsýn, stefnu og markmiðum FSN.
- Svörum við athugasemdum vegna úttektar á vegum menntamálaráðuneytis.
- Skólanámskrá.
- Auk þess sem verkin munu tala!

7.3 Forgangsröðun verkefna

Í framhaldinu og í tengslum við stefnumótun, þarf að forgangsraða verkefnum.

- Gerð verði verkefnaáætlun þar sem fram komi hvað skuli gert, hverjir og hvenær.
- Einu eða fleiri sýnilegum verkefnum verði komið í farveg eða tekin til skoðunar hið fyrsta til að undirstrika að „við vorum að hlusta“.

8 Einkunnarorð

Í lok opna fundarins og fundar með nemendum voru þátttakendur hvattir til að koma með hugmyndir að einkunnarorðum fyrir skólann. Hugmyndir sem fram komu, fara hér á eftir.

Ýmist eru hér lykilorð sem rötuðu niður á blöð, eða útfærðari hugmyndir af einkunnarorðum.

- FSN Gleði, samstaða, framsýni
- þekking , metnaður, framsækni
- Frumkvöðull til framtíðar
- FSN – fjölbreytleiki, framtíð
- Framsækni, fagmennska, frumkvæði
- Framsækni, frelsi, forysta
- Framsækin ræktun til framtíðar!
- Gæði – forysta
- Skóli framtíðarinnar
- Þróun - efling – vilji – víðsýni; öflugur vilji til nýbreytni eykur víðsýni og menntun
- Innrás / útrás – sækjum á!
- Sjálfstæð hugsun
- Framsækni, forysta
- Ef þú kannt það ekki....lærðu það í FSN!
- FSN musteri viskunnar
- FSN fyrir menn
- Skóli í þróun
- Á þínum hraða!
- Skóli fyrir þig og skóli fyrir mig

FSN einkunnarorð:

- Framtíðarsýn, Sjálfsöryggi, Nýsköpun
- Forysta, Sjálfstæði, Nýjungar
- Fjölbreytt, Stöðugt, Nám
- Framsækinn, Snjall/sóknðjarfur, Nútímalegur
- Framsýni, Samhugur, Nýbreytni
- Fjölbreyttir, Sofandi, Nördar
- Fallegir, Sætir, Nemendur
- Frjáls, Skóli, Núna
- Fjölbreytni, Samstaða, Nútímaleg

Næstu skref

Ef til vill bjóða þessar hugmyndir að einkunnarorðum upp á að liður í næstu skrefum verði að smíðuð verði einkunnarorð fyrir skólann.

